

Vandað til verka í sögufrægu húsi

● Ráðist verður í allsherjarendurbætur á Norræna húsinu ● Sabina Westerholm, forstjóri hússins, og Ástþór Helgason, yfirmaður fasteignar, segja mikilvægt að útlit hússins verði varðveitt að fullu

VIÐTAL

Ragnheiður Birgisdóttir
ragnheidurb@mbi.is



Norræna húsið hefur staðið í Vatnsmýrinni í ríflega hálfra öld og er í raun einstakt kennileiti. Húsið, sem var teiknað af finnska arkitektinum Alvar Aalto, var vígt snemma hausts árið 1968. Það hefur frá upphafi hlýst norrænt samstarf og verið mikilvægur kjarni menningarlífs í borginni.

Nú á í fyrsta sinn að ráðast í allsherjarendurbætur á húsinu. Húsið er orðið 54 ára og þykir merkilega vel farið enda með eindæmum vel byggt.

Sabina Westerholm, forstjóri Norræna hússins, og Ástþór Helgason, yfirmaður fasteignar og sýningafrankvæmda, segja eðlilegt að bygging sem komin sé á þennan aldur þurfi á endurbótum að halda. Í öllum húsum er að finna ýmislegt, stórt og smátt, sem venjan er að yfirfara, eða jafnvel skipta út, á 25-30 ára fresti. „Maður getur ekki ætlast til þess að hægt sé að nota hús byggt 1968 án þess að ráðast í heildarendurbætur. Hús eru aldrei byggð til þess að endast fullkomlega, það þarf alltaf að ráðast í einhverjar frankvæmdir og í raun þarf stöðugt að endurbyggja húsið,“ segir Ástþór.

Ýmislegt í innviðum hússins er farið að láta á sjá; varmakerfi, loftræsting og pípuálagir, svo eitthvað sé nefnt. Þá þarf að fara yfir ytra byrði hússins, glugga og þak. Þó geta þau Sabina og Ástþór þess að margt í húsinu sé nítímalegt og það sé ljóst að það hafi verið byggt til þess að standast tímanns tón.

Flairi vandamál komu í ljós

Sabina tók við starfi forstjóra Norræna hússins árið 2019. Stuttu eftir það urðu miklar vatnsskemmdir í sýningarrýmiinu á neðri hæð hússins og ljóst varð að það væru vandamál með frænnislikerfi hússins. Þá var neðri hæðin gerð upp.

Sýningarsal þessum og barnabókasafinu, sem einnig er að finna á neðri hæðinni, var bætt við nokkrum árum eftir að húsið var byggt. Stjórnendur hússins hafa meira frelsi til að breyta þeim rýmum þar sem þau eru ekki hluti af upphaflegri hönnun Alvars Aaltos.

„Svo fóru önnur vandamál að koma í ljós og þá var ekkert annað í stöðunni en að láta gera skýslu um ástand hússins,“ segir Sabina. Árið eftir fengu þau verkfræðistofuna EFLU til þess að gera slíka skýslu. Þar kom fram að það er margt sem þarf að gera upp eins fljótt og auðt er.

Áætluin sem EFLA hefur sett upp er til tíu ára en nú á að ráðast í fyrsta fasann og gera það allra nauðsynlegasta á næstu tveimur árum.

Ástþór og Sabina fullyrðu að engu verði breytt í útliti hússins, að minnsta kosti ekki í þeim rýmum sem opin eru almenningsi. Það verða kannski einhverjar breytingar gerðar á skrifstofum og öðrum rýmum „baksviðs“. Til dæmis hefur þeim hluta hússins sem geymði íbúð forstjóra þess verið breytt í skrifstofurými. Þannig eru herbergi sem áður voru opin nú lokað og það skapar áskoranir í loftræstingu svo eitthvað sé nefnt.

Mikilvægt í sögu arkitektúrs

Þar sem Norræna húsið er sögufrægt hús eftir merkan erlenda arkitekt þarf að vanda til verka þegar ganga á í frankvæmdir. Það þykir með mikilvægustu byggingum í sögu arkitektúrs á Íslandi. Þetta er ein af fáum byggingum frá þessum tíma sem voru hannaðar af erlendum, vel þekktum arkitekt frá moderníska tímum.

Ástþór og Sabina hafa verið í nánu samstarfi við Minjastofnun og stofnu



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Norræna húsið Sabina og Ástþór segja mikla nákvæmnisvinnu felast í að gera upp þetta sögufræga hús.



Samstarfsmenn Elissa Aalto, Alvar Aalto og Ilona Lehtinen fundu á arkitektastofu Aaltos árið 1970.



Kennileiti Norræna húsið stóð lengi vel eitt í Vatnsmýrinni. Mynd þessi er frá því það var í byggingu 1967.

un Alvars Aaltos í Finnlandi. Norræna húsið er á skrá Minjastofnunar og hefur verið alfríðað frá árinu 2004. Það þýðir að húsið er fríðað bæði að innan og utan.

„Við höfum lagst í miklar rannsóknir og farið í gegnum mikið af heimildum. Markmið okkar er að skilja hvern einasta þátt hússins, hvernig það var byggt og hvaða efni voru notuð. Þetta er mikil nákvæmnisvinna,“ segir Ástþór. Þannig hann að hægt sé að tryggja að húsið breytist ekki útlitslega.

Þá sé markmiðið að hvert einasta smáatriði verði eins og það hafi upphaflega átt að vera. Hann nefnir sem dæmi að gluggarnir séu núna aðeins dekkri en þeir áttu upphaflega að vera svo því verður komið í upphaflegt horf á ný.

Stofnun Alvars Aaltos hefur verið þeim innan handar með slíkar ákvarðanir en ekki síður um innan-hússönnun. Fyrir nokkrum vikum komu fulltrúar frá stofnuninni á staðinn og fóru yfir alla innanstokksmuni svo nú hafa starfsmenn hússins góða hugmynd um hvaða húsögn eru upprunaleg, það er allt skráð skilmerkilega niður í minnstu smáatriði.

Heildstæð listaverk

„Við megum að sjálfsgöðu breyta því hvernig við notum rýmið en við þurfum að vita hvernig þau litu út upprunalega því þau voru hönnuð sem heildstæð listaverk,“ segir Sabina.

Hún minnr á að starfsfólk hússins starfi þar í mesta lagi í átta ár og því sé mikilvægt að safna þessum upplýsingum sama fyrir „komandi kynslóðir“ starfsmanna.

Öllu sem verður fjarlægð verður komið aftur fyrir á sama stað ef hægt er. Á einni skrifstofunni þar sem frankvæmdir eru hafnar, nokkurs konar tilraunarymi fyrir fram-

KVENKYNNS BRAUTRYÐJENDUR OG SÖGULEGAR BYGGINGAR

Konurnar þrjár að baki Aalto

Á HönnunarMars í ár býður Norræna húsið, í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, til málstofu í tveimur hlutum sem bær titillinn Kvenkynns brautryðjendur og sögulegar byggingar. Málstofan fer fram á fimmtudag, 5. maí, og hefst kl. 10. Höpur sérfræðinga mun kynna sögu og verk norræna kvenkynns arkitekta, sem teljast brautryðjendur á sínu sviði. Einnig verða til umræðu endurbætur á sögulegum húsum en báðir hlutar málstofunnar tengjast sögu Norræna hússins.

„Eitt af því sem við höfum áttáð okkur á í þessu ferli er að þrátt fyrir að Alvar Aalto hafi verið arkitekt hússins þá voru margar áhugaverðar konur sem störfuðu með honum. Þær hönnuðu og sáu um byggingu hússins og fylgdu því eftir árin á eftir,“ segir Sabina Westerholm.

Ilona Lehtinen var leiðandi í teikningu hússins og fylgdist með öllu ferlinu. Eiginkona Aaltos, Elissa Aalto, sá einnig um höfuðteikningarnar að húsinu ásamt Lehtinen. Hún starfaði hjá fyrirtækinu eftir að Alvar Aalto lést, þar til hún lést 1994. Hennar starf fólst meðal annars í að vinna að endurbótum á þeim húsum sem höfðu verið hönnuð í tíð eiginmanns hennar. Fundist hafa bréfaskriftrif milli hennar og umsjónarmanna hússins um smávægilegar breytingar stuttu eftir byggingu hússins. Þriðji kvenarkitektinn sem starfaði við hönnun og byggingu hússins var Pirkko Söderman. Þessar konur höfðu mikil völd á baki við tjöldin.

kvæmdirnar, var hver einasta gölf-fjöl vandlega merkt þegar hún var fjarlægð og verður síðan komið fyrir aftur þegar vinnunni undir gölfinu er lokið. Ástþór segir að í þessum frankvæmdum felist ótal smáatriði af þessu tagi og það krefjist mikillar vinnu hjá morgun að bæta háskynnin án þess að breyta nokkrum í útlitinu.

Sabina bendir á að Ástþór verði orðinn mikill Alvar Aalto-sérfræðingur þegar yfir lýkur. Hann heim-sótti ýmsar byggingar eftir Aalto í Finnlandi og grandskóaði allt frá kjallara og upp á þak. Þau hús sem hann skóaði hafa öll undirengist svipaðar frankvæmdir og þeim þykir líklegt að Norræna húsið sé síðasta húsið frá þessum tíma til þess að fá

slíka yfirhalingu. Það er mikið af lausnum til um hvernig eigi að fara að en veðurfarið á Íslandi gerir aftur þegar vinnunni undir gölfinu er lokið að verja fyrir vatni og vindum á annan hátt en annars staðar í heiminum.

Húsið mun standa opið

Þú er að tryggja fjármagn fyrir fyrsta hluta frankvæmdanna. Húsið er í eigu Norræna ráðherraefndarinnar og sér hún að mestu um fjármögnunina en þau hafa einnig hlötið sérstaka styrki frá Minjastofnun fyrir rannsóknarvinnuna og sérstæða hönnunarvinnu og frá finnsku ríkisstjórninni fyrir vinnuna með stofnun Alvars Aaltos.

Gert er ráð fyrir að Norræna húsið

verði opið að einhverju leyti allan tímann sem frankvæmdirnar eiga sér stað. „Þetta er svo mikilvæg stofnun þannig að það voru allir sam-mála um að það maetti ekki loka henni alveg. En við munum þurfa að loka vissum hlutum hússins. Næsta árið verða öll þau rými sem eru opin almenningsi opin en einhverjum skrifstofum verður lokað síðar á árinu,“ segir Sabina.

Vilja upplýsa almennig

Starfsfólki hússins þykir mikilvægt að almennigur fái að fylgjast með frankvæmdunum og sé vel upplýstur um hvaða starfsemi fari enn fram í húsinu þrátt fyrir þær. Hún býst þó við að það verði áskorun að gera almennig grein fyrir því að húsið sé í raun og veru opið þegar það muni lita út eins og byggingarsvæði. Þá muni auðvitað skapast einhver hávaði og röksum á starfsemiinni.

Meðan á frankvæmdunum stendur munu þau að mestu einblína á eigin viðburði og það samstarf sem hefur verið komið á fótt við aðrar stofnanir en minna á utanaðkomandi viðburði. Þau munu ekki geta leigt salarkynninn út eins og þau eru vön að gera þar sem þau vita ekki hve mikil trúllun muni skapast af frankvæmdunum.

Ástþór og Sabina vilja einnig leggja mikla áherslu á að miðla því sem þau hafa uppgötvað við þessa miklu rannsóknarvinnu til almennings. „Við höfum nú þegar rekið á mikið af áhugaverðum staðreyndum, bæði um bygginguna sjálfa og um starfsemi í húsinu í gegnum tíðina,“ segir Sabina. Þau segjast vilja varpa ljósi á þetta áhugaverða ferli og hafa það gagnsett og við þetta skapist gott tækifæri til þess að benda almennig á þá hvers virði þetta hús sé.

Vilja sýna gott fordæmi

„Þegar ég kom hingað árið 2019 varð mér strax ljóst að þetta er mjög mikilvæg bygging, tilkærnað bygging, þegar kemur að norrænu samstarfi á Íslandi. Það hafa svo margir komið til mín og sagt mér sögur af sambandi sínu við húsið og þeim minningum sem þeir hafa af því að koma hingað í gegnum tíðina. Fólk hefur jákvæðar og sterkar tilfinningar tengdar húsinu,“ segir Sabina. Í tengslum við þessar frankvæmdir munu þau safna saman myndum frá almennig og sögum um húsið

„Ég vildi líka opna húsið fyrir öðrum minnihlutahópum hér á landi, nýjum Íslendingum með annan bakgrunn en norrænum svo þau fengu tækifæri til þess að skapa svipaðar minningar. Baltneska samfélagið á Íslandi hefur til dæmis verið einn af þeim hópum sem við höfum helst viljað þjóna.“

Markmiðið sé að húsið hlýti samfélaginu upp fyrir það staðbundna og því hafi þau virkni ölfkra hóp og fjölbreytileika að leiðarljósi. „Við viljum sýna gott fordæmi,“ segir hún.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu undanfarið ár en húsið stóð lengi vel eitt í mírinni. Umhverfið hefur þannig breyst mikið með tilheyrandi breytingum á starfsemi hússins. Sabina segir það gleði-efni að það sé meira líf í kringum húsið sem gefi góða möguleika á samstarfi. Núna er hver krókur og kими hússins notaður til hins ýtrasta.

Arnþór segir að það hafi verið hlífugan Alvars Aaltos að húsið væri lífandi og ætti að þróast með breyttum tímum. Hann bendir þó á að allir séu mjög meðvitandi um stöðu hússins á svæðinu, Háskóli Íslands og Minjastofnun hafi lagt sig fram um að vernda sérstöðu þess. Þrátt fyrir að byggingunum fjölgi þá sé þær miðaðar við að Norræna húsið sé enn það kennileiti sem því var ætlað að vera.